

Fimmtudaginn 8. september 1977.

Nr. 141/1977. **Valdstjórnin**

gegn

**Karli K. Karlssyni.**

Kærumál. Verðlagsdómur. Dómstólar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaraðrir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur hinn 22. ágúst 1977 samkvæmi heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 kært til Hæstaréttar úrskurð verðlagsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn sama dag. Kæran barst Hæstarétti 23. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir verðlagsdóm Reykjavíkur að taka til rannsóknar kæru verðlagsstjóra á hendur Karli K. Karlssyni, Sörlaskjólí 36, Reykjavík, fyrir vanrækslu á að skila verðútreikningum yfir vörur, tollafgreiddar á árinu 1976.

Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976 er gert ráð fyrir, að frumrannsókn opinberra mála kunni að vera í höndum dómara, ef lög og venjur standi til þess. Í 11. gr. laga nr. 54/1960 segir, að verðlagsdómur, sem er sérdómstóll, skuli rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þeirra laga. Er eigi sýnilegt, að ætlunin hafi verið að breyta málsmeðferð þessari með lögum nr. 107/1976. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir verðlagsdóm Reykjavíkur að taka framangreinda kæru til dómsrannsóknar.

### **D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber verðlagsdómi Reykjavíkur að taka framangreinda kæru til dómsrannsóknar.

### **Úrskurður verðlagsdóms Reykjavíkur 22. ágúst 1977**

Ár 1977, mánudaginn 22. ágúst, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni saka-

dómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

Ríkissaksóknari hefur með bréfi, dagsettu 2. þ. m., krafist þess, að verðlagsdómur Reykjavíkur hefji frumrannsókn út af kæru verðlagsstjóra, dagsettri 15. f. m., á hendur Karli K. Karlssyni, Sörlaskjólí 36 í Reykjavík, fyrir verulega vanrækslu á að skila verðútreikningum yfir tollafgreiddar vörur, svo sem fyrir sé mælt í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 frá 1. apríl 1957.

Kæru þessa sendi verðlagsstjóri rannsóknarlögreglu ríkisins 15. í. m. Rannsóknarlögreglan framsendi verðlagsdómi Reykjavíkur kærana 20. f. m. án þess að rannsaka málið að neinu leyti. Verðlagsdómur endursendi rannsóknarlögreglunni málið 25. f. m. með þessari athugasemd:

„Í máli þessu liggur engan veginn fyrir, hvort skilyrði eru til þess að ljúka málinu með dómssátt, enda hefur engin rannsókn farið fram í því. Eftir þær réttarfarsbreytingar, sem tóku gildi 1. þ. m., er ekki gert ráð fyrir, að neitt mál verði lagt fyrir saka-dóm nema að undangenginni rannsókn. Sama gildir að sjálfsgöðu um verðlagsdóm. Með því að mál þetta fullnægir hvorki ákvæðum 40. gr., 73. gr. né 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 9., 11. og 12. gr. laga nr. 107/1976, endursendist það hér með.“

Rannsóknarlögreglan hefur síðan með bréfi, dags. 27. f. m., framsent málið ríkissaksóknara, sem hefur borið fram áður-greinda kröfu.

Í bréfi ríkissaksóknara til dómsins segir svo m. a.:

„Af þessu tilefni er af ákærvaldsins hálfu tekið fram eftir-farandi:

1. Samkvæmt lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál skal verð-lagsstjóri fylgjast með verðlagi í landinu, sbr. 2. gr., 2. mgr., lag-anna.

2. Verðlagsstjóri getur kafið hvern sem er allra þeirra upp-lýsinga, skýrslna og annara gagna, er hann telur nauðsyn í starfi sínu, sbr. 10. gr. laganna.

3. Með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 frá 1. apríl 1957 var innflytjendum gert að skyldu að senda verðlagseftirlitinu verð-útreikninga yfir allar vörur, sem fluttar eru til landsins, og er sú tilkynning enn í fullu gildi.

4. Samkvæmt 11. gr. fyrrgreindra laga nr. 54/1960 skal í kaup-stöðum landsins sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum laganna.

5. Samkvæmt 12. gr. laganna eiga tveir menn sæti í verðlagsdómi, og er hlutaðeigandi héraðsdómari formaður dómsins. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdóms.

6. Með lögum nr. 107/1976 um breytingu á lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er verðlagsdómur ekki lagður niður og heldur ekki breytt ákvæðum laga nr. 54/1960 um meðferð mála, sem undir dóminn heyra.

7. Þvert á móti sýna skýr orð fyrri setningar 3. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 107/1976, að réttargangur fyrir verðlagsdómi skuli óbreyttur vera, sbr. einkum orðin: „eða dómstólum eða venju samkvæmt.“

8. Samkvæmt þessu er af ákærvaldsins hálfu litið svo á, að það séu lög í landi, að verðlagsdómur fari með frumrannsókn mála út af ætluðum brotum gegn lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál svo og reglugerðum og tilkynningum útgefnum samkvæmt þeim.

9. Jafnframt þykir vera ástæða til að vekja athygli á því, að samkvæmt 74. gr., 4. mgr., laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976, á dómari rétt á aðstoð lögreglu (rannsóknarlögreglu ríkisins) við dómsrannsókn, og getur hann krafist tiltekinna rannsóknaraðgerða lögreglu eftir því sem nauðsyn ber til.

10. Hlýtur verðlagsdómur að eiga rétt á aðstoð lögreglu samkvæmt því, sem segir í 9. lið, með sama hætti og hinir almennu sakadómstólar.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, er fyrrgreind kæra verðlagsstjóra, dags. 15. f. m., ásamt fylgiskjali svo og bréf sakadóms Reykjavíkur frá 25. f. m. og ljósrit af bréfi rannsóknar-lögreglunnar frá 27. f. m. hér með send verðlagsdómi Reykjavíkur.

Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að verðlagsdómurinn taki mál þetta til rannsóknar lögum samkvæmt, en telji hann sig ekki vera þess umkominn, verði úrskurður upp kveðinn um synjunina.“

Afstaða dómsins til kröfu ríkissaksóknara er þessi:

Verðlagsmál eru lögð undir sérstaka verðlagsdóma, en málsmeðferðin fer að öllu leyti eftir almennum reglum um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr. laga nr. 54/1960:

„Málsmeðferð fyrir héraðsdómi fer að hætti opinberra mála“ og lokaákvæði 20. gr. sömu laga: „Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.“

Í lögnum eru heldur engar sérreglur um réttarfar þessara mála, nema að þau eru lögð undir verðlagsdóm.

Breytingar þær, sem felast í lögum nr. 107/1976, taka því til mála út af brotum gegn lögum nr. 54/1960 í Reykjavík eins og annarra opinberra mála þar.

Þessar breytingar eru í meginatriðum:

a) Dómari á ekki frumkvæði að opinberri rannsókn, eins og áður var.

b) Hann annast yfirleitt ekki frumrannsókn, heldur er hún falin þar til ætluðum stjórnvöldum, sbr. þó undantekningu í lokaákvæði 73. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem raunar tekur aðeins til dómara, sem jafnframt eru lögreglustjórar.

c) Dómsrannsókn getur einungis farið fram samkvæmt ákvæðum 74. gr. laga um meðferð opinberra mála, en samkvæmt þeim skal sökunautur tilgreindur og einnig sakarefni og tilgreind þau atriði, sem rannsóknin skuli fólgin í.

Í lögum nr. 54/1960 eru verðlagsmál falin sérstökum dómstól. Dómstóll þessi er þó ekki sérstök stofnun, heldur háður af hinum reglulega héraðsdómara ásamt skipuðum meðdómanda, sem ekki þarf að fullnægja neinum sérstökum skilyrðum um sérfræðikunnáttu. Um meðferð málanna hefur því alltaf verið farið samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála. Hlýtur því réttarfar í verðlagsmálum að breytast nákvæmlega eins og réttarfar í öðrum opinberum málum með lögum nr. 107/1976, enda fráleitt, að nú eigi að taka upp sérstakt eða afbrigðilegt réttarfar í verðlagsmálum.

Í 11. gr. laga nr. 54/1960 segir, að verðlagsdómur skuli rannsaka og dæma mál út af brotum gegn ákvæðum laganna. Á þeim tíma, sem lögín voru sett, giltu réttarfarslög, sem gerðu ráð fyrir verulegu rannsóknarfrumkvæði dómara. Samkvæmt réttarfarsbreytingu þeirri, sem gerð var með lögum nr. 107/1976, er það frumkvæði afnumið í Reykjavík, og hlýtur það að taka til verðlagsmála sem annarra opinberra mála.

Þá hefur aldrei verið litið svo á, að rannsóknarlögregla mætti ekki rannsaka verðlagsmál eins og önnur opinber mál, þrátt fyrir ákvæðið í 11. gr. laga nr. 54/1960, enda starfshættir verðlagsdóms nákvæmlega á sama veg og hins almenna sakadóms.

Í 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 107/1976, segir m. a. „ . . . . að því leyti sem slík rannsókn (þ. e. frumrannsókn) er ekki falin . . . . eða dómstólum lögum eða venju samkvæmt.“ Rétt þykir að huga að, hvað í þessu felst.

Samkvæmt 73. gr. laga um meðferð opinberra mála i. f., eins og hún er nú, getur lögreglustjóri, sem jafnframt er dómari, hafið frumrannsókn fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt. Hér er dæmi um frumrannsókn fyrir dómi lögum samkvæmt.

Orðin „eða venju“ verður að líta á sem eins konar þrautaskýringarkost, er aðra þrýtur, við mótun á aðalatriðum réttarfarsbreytingarinnar, sem tók gildi 1. júlí sl., um að leggja niður allt frumkvæði dómara og rannsóknarhlutverk hans. Við mótun þessara nýskipana nýtast ekki gamlar venjur um fyrirkomulag rannsóknar samkvæmt eldra skipulagi, svo sem sú gamla venja, að ýmis smámál, t. d. út af ölvun við akstur ökutækja, komu að jafnaði beint fyrir dómara til rannsóknar, þótt slíkt hafi ekki verið réttarfarsnauðsyn. Er því fráleitt, að gamlar venjur gildi að nokkru ráði, þegar tekið er upp gerbreytt allsherjarskipulag.

Með skírskotun til framangreinds, þess, að krafa ríkissaksóknara um rannsókn fullnægir ekki neinu atriði 74. gr. laga um meðferð opinberra mála og að hún er ekki studd undirbúningsrannsókn, eins og þar er gert ráð fyrir, ber að synja henni.

#### Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara, dagsettri 2. ágúst 1977, um, að verðlagsdómur Reykjavíkur taki til rannsóknar kæru á hendur Karli K. Karlssyni, Sörlaskjólí 36 í Reykjavík, fyrir verulega vanrækslu á að skila verðútreikningum yfir tollafgreiddar vörur, er synjað.

Mánudaginn 19. september 1977.

Nr. 137/1977. **Valdstjórnin**  
 gegn  
**Þorfinni Egilssyni.**

Kærumál. Húisleit.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga